

370. mál
4.3.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/1123
komudagur 4.3.2010

Hvers vegna að skilja aflaheimildir frístundaveiða frá almennum framsalsmarkaði.

Minnisblað lagt fyrir Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis 4. mars 2010.

Frístundveiðar eru ferðaþjónusta

Þeir sem stunda frístundveiðar reka ferðaþjónustu sem byggist á því að selja fólki sjóstangveiði. Eðli ferðaþjónustunnar er að dafna í réttu hlufalli við aukinn fjölda ferðamanna. Afkoman snýst því ekki um, eða ætti allavega ekki að snúast um, seldan afla. Það er óeðlilegt að verðmyndum á aflaheimildum og lönduðum afla geti haft veruleg áhrif á rekstrarafkomu eða tilvist ferðaþjónustufyrirtækja.

Frístundaveiðar og framsal aflaheimilda

Með því að viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi þannig að útgerðir frístundaveiðibáta leigi til sín aflaheimildir á “almennum markaði” skapast mikil togstreita á milli útgerða frístundaveiðibáta og annarra hefðbundinna útgerða. Frístundaveiðiútgerðir eru í flestum tilvikum búnar að selja sínar ferðir með löngum fyrirvara, jafnvel heilu ári áður en viðskiptavinurinn kemur til Íslands. Þegar svo kemur að því að viðkomandi fer á veiðar þarf útgerðin að vera búin að tryggja nægar aflaheimildir. Þannig þurfa þessar útgerðir, þegar aflaheimildir skortir, að leigja til sín kvóta á uppsettu verði. Gildir þá einu hvað kvótinn kostar, það þarf að standa við seldar ferðir. Með þessu má færa fyrir því sterk rök að útgerðir frístundaveiðibáta geti “sprengt upp” leiguverðið á hinum almenna markaði og geti þannig gert hefðbundinni útgerð erfitt fyrir. Þessu hefur reyndar verið haldið fram af útgerðarmönnum “hefðbundinna” útgerða.

Það má færa fyrir því rök að frístundaútgerðir eigi að greiða sama verð fyrir aflaheimildir og aðrar útgerðir, enda verið að sækja í sömu auðlindina. Það verður þó að hafa það í huga að með því fyrirkomulagi er sjávarútvegurinn og rekstur hans farinn að hafa áhrif á ferðaþjónustuna og ferðaþjónustan að móta verðlag í sjávarútvegi, sem getur haft áhrif á rekstrarafkomu einstakra útgerða.

Frístundaveiðar og byggðakvóti

Með óbreyttu fyrirkomulagi munu frístundaveiðiútgerðir halda áfram að að sækja um byggðakvóta eins og aðrar útgerðir. Þannig skapast, og hefur skapast, samkeppni á milli ferðaþjónustunnar og sjávarútvegsins um þau fáu tonn sem sem úthlutað er sem byggðakvóta. Ferðaþjónustan (frístundaútgerðin) getur því haft veruleg áhrif til hins verra gagnvart hinni hefðbundnu útgerð. Hafa ber hugfast að frístundaútgerðin byggir afkomu sína á fjölda ferðamanna en hefðbundna útgerðin á lönduðum afla.

Frístundaveiðar og sóknarstýring

Velta má upp þeirri hugmynd hvort skynsamlegt geti talist að takmarka veiðar frístundaveiðibáta við ákveðinn kílóafjölda pr. dag. Gallinn við þá stýringu er sá að það býður heim hættu á brottkasti afla. Ferðamennirnir sem til Íslands koma eru ekki að sækjast eftir að veiða sem mest, heldur sem fjölbreyttastann afla (margar tegundir) og sem stærsta fiska. Verði sóknarstýring tekin upp er hætt við að menn veiði allan daginn en komi svo aðeins með tiltekinn kílóafjölda að landi að kvöldi.


Miklar líkur eru því á brottkasti. Óhætt er að fullyrða að brottkast þekkist ekki í frístundaveiðum enn sem komið er og hefur aflasamsetning landaðs afla sýnt fram á að veiðimennirnir koma með allan afla að landi, óháð stærð og/eða tegundum.

Frístundaveiðar og aflaverðmæti

Hefði ekki komið til úthlutun byggðakvóta til frístundaveiðiútgerða undanfarin ár hefði tap orðið á þessum hluta ferðapjónustunnar, þ.e. hvað varðar útlagðann kostnað vegna leiguverðs aflaheimilda vs. seldann afla til vinnslu. Í þessu samhengi er er rétt að benda á að sumarið 2009 leigði Hvíldarklettur ehf. til sín aflaheimildir og var meðaverð 200 kr/kg. Fiskvinnslurnar á Flateyri og Suðureyri keyptu aflann á 175 kr/kg. Ekki fékkst herra verð fyrir aflann þar sem aflasamsetning var mjög mismunandi og afli ekki flokkaður. Þá er meðhöndlun aflans hjá ferðamanninum ekki eins góð og hjá sjómanni með reynslu í veiðum og meðhöndlun sjávarafurða. Þrátt fyrir góðar leiðbeiningar til ferðamanna um blóðgun og kælingu aflans vill það brenna við að eftir þeim leiðbeiningum sé farið að fullu og því erfitt að tryggja að hráefnið til vinnslunnar sé í hæsta gæðaflokki.

Virðingarfyllst

f.h. Hvíldarkletts ehf.


Jón Svanberg Hjartarson
framkvæmdastjóri


Steinþór Bjarni Kristjánsson
stjórnarmaður